

Arctic Sea Farm hf.  
Sindragötu 10  
400 Ísafjörður

Skjal nr. A-824/2025  
Móttekið til þinglýsingar

12. DES. 2025

Þinglýsingargjald kr.

2700.-

Akureyri, 21. nóvember 2025

Tilvísun: 2511586

Framsal á rekstrarleyfi FE-1205 Norður-Botni II, frá Arctic Smolt ehf. til Arctic Sea Farm hf.

Vísað er til umsóknar um framsal á rekstrarleyfi, dagsett 13. nóvember 2025, þar sem óskað er eftir að rekstrarleyfi Arctic Smolt ehf. kt. 600212-2570 að Norður-Botni II verði framselt til Arctic Sea Farm hf. kt. 700807-0450. Umsóknin er undirrituð af núverandi rekstrarleyfishafa og nýjum rekstrarleyfishafa.

Matvælastofnun samþykkir framsal rekstrarleyfis FE-1205 frá Arctic Smolt ehf. til Arctic Sea Farm hf. Meðfylgjandi er framselt rekstrarleyfi FE-1205.

Skjal innfært

17. DES. 2025



Virðingarfyllst,  
f.h. Matvælastofnunar



*Steinar Rafn Beck*

Steinar Rafn Beck Baldursson  
Fagsviðsstjóri leyfamála



# REKSTRARLEYFI

## FE-1205

Með vísan til III. kafla laga nr. 71/2008 um fiskeldi veitir Matvælastofnun hér með rekstrarleyfi til neðangreinds.

|                                              |                                        |                  |                    |
|----------------------------------------------|----------------------------------------|------------------|--------------------|
| Leyfishafi:                                  | <b>Arctic Sea Farm hf.<sup>1</sup></b> | Kennitala:       | <b>700807-0450</b> |
| Starfsstöð:                                  | <b>Norður-Botn II</b>                  | Hámarkslífmassi: | <b>2.400 tonn</b>  |
| Gildir frá:                                  | <b>30.06.2025</b>                      | Gildir til:      | <b>30.06.2041</b>  |
| Starfsemi:                                   | <b>Landeldi, seiðaelði</b>             |                  |                    |
| Tegundir:                                    |                                        |                  |                    |
| Lax/ <i>Salmo salar</i>                      |                                        | StofnFiskur      | Frjór              |
| Regnbogasilungur/ <i>Oncorhynchus mykiss</i> |                                        | Danmörk          |                    |

Rekstrarleyfið er bundið við ofanskráða kennitölu, starfsemi og ræktunarsvæði. Leyfishafi skal uppfylla allar þær kröfur sem gerðar eru til starfseminnar í lögum og reglugerðum. Öheimilt er að hefja aðra starfsemi en leyfið nær til, nema að fengnu samþykki Matvælastofnunar.

Rekstrarleyfið er háð skilyrðum laga nr. 71/2008 um fiskeldi og reglugerða og annarra stjórnvaldsreglna, sem kunna að verða settar á grundvelli laganna, sem og þeim breytingum sem kunna að vera gerðar á lögum og reglugerðum.

Leyfi þetta er gefið út skv. reglugerð nr. 462/2021 (sem innleiðir reglugerð ESB nr. 2016/429) um smitandi dýrasjúkdóma, með síðari breytingum og ber rekstrarleyfishafa uppfylla ákvæði reglugerðarinnar.

Á gildistíma leyfisins skal fara fram vöktun og rannsóknir af hálfu rekstrarleyfishafa til að meta vistfræðileg áhrif á nánasta umhverfi eldisstöðvarinnar.

Varúðarráðstafanir til að koma í veg fyrir að fiskur sleppi vegna eldis eða flutnings á fiski skulu vera skráðar og aðgengilegar hjá eldisaðila, og áætlun um aðgerðir til að endurheimta fisk sem sleppur. Leyfishafi skal sjá til þess að viðbragðsáætlun vegna stroks sé staðsett á eldissvæðinu og kynna starfsmönnum hana. Rekstrarleyfishafi sem missir fisk úr fiskeldisstöð, skal án tafar tilkynna slíkan atburð til Fiskistofu, Matvælastofnunar, sveitafélaga og næstu veiðifélaga.

<sup>1</sup> Rekstrarleyfið var upphaflega gefið út á Arctic Smolt ehf. Rekstrarleyfið hefur verið framselt á nýjan rekstraraðila 21. nóvember 2025 sbr. heimild í 17. gr. laga nr. 71/2008 um fiskeldi.





Rekstrarleyfishafi ber skyldu til að halda skrá yfir uppruna eldislaxa sem byggir á gagnagrunni um erfðaefni hjá framleiðanda hroga.

Gildistaka rekstrarleyfis þessa er háð því að leyfi til framkvæmda sé til staðar. Einnig þarf nýtingarleyfi Orkustofnunar. Gildistaka rekstrarleyfis fiskeldisstöðva á landi er háð úttekt Matvælastofnunar og því skilyrði að stöð sé útbúin búnaði sem kemur í veg fyrir að fiskur sleppi úr eldiskari og búnaði staðsettum í frárennsli stöðvar sem fangar fisk sem sleppur.



Hrönn Ólína Jörundsdóttir, forstjóri